



Guðað á glugga

Fermingarfræðsla Akureyrarkirkju



Hvað á ég að kunna?

1. Ástarfaðir himinhæða

Ástarfaðir himinhæða,
heyr þú barna þinna kvak,
enn í dag og alla daga
í þinn náðarfaðm mig tak.

Náð þín sólin er mér eina,
orð þín döggin himni frá,
er mig hressir, elur nærir,
eins og foldarblómin smá.

Einn þú hefur allt í höndum,
öll þér kunn er þörfin mín,
ó, svo veit í alnægð þinni
einnig mér af ljósi þín.

Anda þinn lát æ mér stjórna,
auðsveipan gjör huga minn,
og á þinnar elsku vegum
inn mig leið í himin þinn.

*Þýskur höfundur ókunnur
Sb. 1886 / Steingrímur Thorsteinsson*

2. Heims um ból

Heims um ból helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
.:; meinvill í myrkrunum lá. .:;

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
.:; konungur lífs vors og ljóss. .:;

Heyra má himnum í frá
englasöng: “Allelújá.”
Friður á jörðu, því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
.:; samastað syninum hjá. .:;

Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

3. Son Guðs ertu með sanni

Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesús minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn,
syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Hallgrímur Pétursson (Ps. 25)

4. Postullega trúarjátningin

Ég trúi á Guð, föður almáttugan,
skapara himins og jarðar.
Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason,
Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda,
fæddur af Maríu mey,
þíndur á dögum Pontíusar Pílatusar,
krossfestur, dáinn og grafinn,
steig niður til heljar, reis á þriðja degi
aftur upp frá dauðum, steig upp til himna,
situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs
og mun þaðan koma
að dæma lifendur og dauða.
Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju,
samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna,
upprisnu mannsins og eilíft líf.

5. Boðorðin tíu

Fyrsta boðorð

Ég er Drottinn, Guð þinn,
þú skalt eigi aðra guði hafa.

Annað boðorð

Þú skalt eigi leggja nafn Drottins Guðs þíns
við hégóma.

Þriðja boðorð

Halda skaltu hvíldardaginn heilagan.

Fjórða boðorð

Heiðra skaltu föður þinn og móður.

Fimmta boðorð

Þú skalt eigi mann deyða.

Sjötta boðorð

Þú skalt eigi drýgja hór.

Sjöunda boðorð

Þú skalt eigi stela.

Áttunda boðorð

Þú skalt eigi bera ljúgvitni gegn náunga þínum.

Níunda boðorð

Þú skalt eigi girnast hús náunga þíns.

Tíunda boðorð

Þú skalt eigi girnast konu náunga þíns,
þjón, þernu, fénað né nokkuð það
sem náungi þinn á.

6. Tvöfalda kærleiksboðorðið

Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta
þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.
Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.
(Matt. 22.37-39)

7. Gullna reglan

Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það
skuluð þér og þeim gjöra. (Matt 7.12)

8. Litla Biblían

Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son
sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir
glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. (Jh. 3, 16)

9. Faðir vor

Faðir vor, þú sem ert á himnum.
Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn
vilji svo á jörðu sem á himni.
Gef oss í dag vort daglegt brauð.
Og fyrirgef oss vorar skuldir
svo sem vér og fyrirgefum
vorum skuldunautum.
Eigi leið þú oss í freistni,
heldur frelsa oss frá illu.
Því að þitt er ríkið,
mátturinn og dýrðin að eilífu.
Amen.

10. Blessun Drottins

Drottinn blessi þig og varðveiti þig.
Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig
og sé þér náðugur.
Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig
og gefi þér frið.

11. Signingin

Í nafni Guðs, föður (enni) og sonar (brjóst) og
heilags anda (frá vinstri
til hægri yfir brjóst). Amen.

12. Borðbæn


Þökkum Drottni, því hann er góður og miskunn
hans varir að eilífu. Amen.

Heiti	Tímabil	Litur
Aðventa	Fjóra síðustu vikurnar fyrir jól	Fjólublár
Jól	Byrja kl. 18:00 á aðfangadag og þeim lýkur á þrettándandum, þrettánda degi jóla	Hvítur
Sunnudagar eftir þrettánda	Frá þrettánda til níuvikna föstu	Grænn
Fasta	Fastan nær hámarki sínu viku fyrir páskana, sem hefst á pálmasunnudegi. Sú vika er oft nefnd dymbilvika. Í henni er bæði skírdagur og föstudagurinn langi.	Fjólublár
Páskar	Hefjast á páskadag, sunnudaginn eftir föstudaginn langa. Þeir eru mesta hátíð kristinna manna. Þá minnumst við upprisu Jesú Krists frá dauðum. Hvíldardagur kristinna manna er á sunnudegi vegna þess að Jesús reis upp frá dauðum á sunnudegi.	Hvítur
Hvítasunna	Þá gaf Guð kirkju sinni heilagan anda og þess vegna er stundum sagt að kirkjan hafi orðið til á hvítasunnu.	Rauður
Sunnudagur eftir þrenningarhátíð	Fyrsti sunnudagur eftir hvítasunnudag nefnist þrenningarhátíð. Þá lýkur hvítasunnunni og við tekur lengsta tímabil kirkjuársins, sunnudagar eftir þrenningarhátíð (trínitatis). Það nær fram að jólaföstu.	Grænn

Tákn

Tákn er nokkuð, sem vísar á annað en sjálf sig. Tákn þurfa ekki að vera myndir. Orð geta verið tákn. Þegar við til dæmis tölum um að einhver sé óttalegur sauður, meinum við það táknrænt en ekki bókstaflega, að viðkomandi sé utan við sig. Getur þú fundið fleiri dæmi um táknrænt orðalag?

Fleiri dæmi um tákn



Biblían

Aðalmyndefni glugganna í Akureyrarkirkju er úr guðspjöllunum. Biblían er safn margra ólíkra rita frá mörgum tímum. Biblían er raunar bókasafn, enda þýðir orðið biblía eiginlega bækur.

Þessu bókasafni er skipt í tvo meginhluta, Gamla testamentið, en það var skrifað fyrir daga Jesú Krists, og Nýja testamentið, sem byrjar þegar Jesús kemur fram á sjónarsviðið.

Nýja testamentið hefst með guðspjöllunum fjórum, en guðspjöllin eiga það sameiginlegt að fjalla um ævi, líf og kenningar Jesú.

Alls eru 66 bækur í Biblíunni, 39 í Gamla testamentinu en 27 í því nýja. Við sjáum hvar hvert rit er í efnisyfirliti.

Hverju riti Biblíunnar er skipt niður í kafla, en kaflanúmerin eru stóru tölurnar í textanum. Svo er hverjum kafla skipt niður í vers, en númerin á versunum eru litlu tölurnar í textanum. Þetta er gert til að auðveldara sé að finna ákveðna staði í Biblíunni.

Verkefni

Nú skulum við finna nokkra staði í Nýja testamentinu. Flettið þeim upp og fyllið í eyðurnar.

1. Jóhannes 3, 16

„Því að svo _____ Guð heiminn, að hann gaf son sinn _____

til þess að hver sem á hann _____ glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.”

Þetta vers er stundum kallað Litla Biblían og við ætlum að biðja ykkur að læra það utan að.

2. Matteus 11, 28 – 30

„_____ til mín, allir þér sem _____ hafið og þungar byrðar,

og ég mun _____ yður hvíld. Takið á yður mitt ok og _____ af

mér, því að ég er _____ og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld

_____ yðar. Því að ok mitt er _____ og byrði mín létt.”

3. I. Korintubríf 13, 13

„En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er _____ mestur.”

Fyrsti kórsluggi

Boðun Maríu

Myndarúðurnar í Akureyrarkirkju eru bæði fullar af táknum og svo eru þær líka sjálfar tákni. Myndirnar í gluggunum sjást ekki í myrkri. Glerið þarf að hleypta ljósi í gegnum sig til þess að við sjáum það sem er á rúðunum. Þess vegna voru svona myndarúður í gamla daga tákni fyrir Maríu guðsmóður.

Bíddu nú aðeins, hugsum við. Hvað er nú líkt með rúðuglerinu og Maríu? Hvaða ljósi hleypti María í gegnum sig? Til þess að svara því þurfum við að hugleiða annað tákni. Í kirkjunni er ljósið eitt tákna Jesú Krists, enda sagðist hann sjálfur vera ljós heimsins. María fæddi Jesú í heiminn og fyrsti glugginn segir frá því þegar engill birtist henni og boðaði henni að hún ætti að gegna því hlutverki. Frásögnin um það er í Lúkasarguðspjalli. Við skulum lesa hana:



„En á sjötta mánuði var Gabríel engill sendur frá Guði til borgar í Galíleu, sem heitir Nasaret, til meyjar, er var föstnuð manni, sem Jósef hét, af ætt Davíðs, en mærin hét María. Og engillinn kom inn til hennar og sagði: „Heil vert þú, sem nýtur náðar Guðs! Drottinn er með þér.”

En hún varð hrædd við þessi orð og hugleiddi, hvíllk þessi kveðja væri. Og engillinn sagði við hana: „Óttast þú eigi, María, því að þú hefur fundið náð hjá Guði. Þú munt þunguð verða og son ala, og þú skalt láta hann heita Jesú. Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta. Drottinn mun gefa honum hásæti Davíðs, föður hans, og hann mun ríkja yfir ætt Jakobs að eilífu, og á ríki hans mun enginn endir verða.”

Þá sagði María við engilinn: „Hvernig má þetta verða, þar eð ég hef ekki karlmanns kennt?”

Og engillinn sagði við hana: „Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig. Fyrir því mun og barnið verða kallað heilagt, sonur Guðs. Elísabet, frændkona þín, er einnig orðin þunguð að syni í elli sinni, og þetta er sjötti mánuður hennar, sem kölluð var óbyrja, en Guði er enginn hlutur um megn.”

Þá sagði María: „Sjá, ég er ambátt Drottins. Verði mér eftir orðum þínum.” Og engillinn fór burt frá henni.”

Annar kórsluggi

Fæðing Jesú

Nú skoðum við eina frægustu frásögn guðspjallanna sem oft er nefnt jólaguðspjallið. Það er hjá Lúkasi og hljóðar þannig:

„En það bar til um þessar mundir, að boð kom frá Ágústus keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gjörð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar.

Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heit-konu sinni, sem var þunguð. En meðan þau voru þar, kom sá tími, er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu, af því að eigi var rúm handa þeim í gistihúsi.

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjardar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim, og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir, en engill-inn sagði við þá: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.”

Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu Guð og sögðu:

„Dýrð sé Guði í upphæðum,
og friður á jörðu með mönnum,
sem hann hefur velþóknun á.”

(Lúkas 2, 1—14)



Tákn guðspjallamanna

Hver guðspjallamanna fjögurra á sér sitt sérstaka tákn. Þau sjást á neðri hluta kórglugga 1, 2, 4 og 5. Nú skulum við skoða þessi tákn.



Matteus

Tákn Matteusar er maður með vængi, því Matteus hefur guðspjall sitt á því að segja frá því að Jesús hafi fæðst sem maður í þennan heim.



Markús

Í upphafi guðspjalls síns segir Markús frá Jóhannesi skírara og lýsir honum þannig að hann hafi verið „rödd hrópanda í eyðimörk“, sem þótti minna á ljón. Þess vegna er ljónið tákn Markúsar.



Lúkas

Lúkasarguðspjall hefst á frásögn af Sakaríasi presti og fórn hans, en nautkálfurinn er gamalt fórnartákn. Vængjaður nautkálfur er því tákn Lúkasar.



Jóhannes

Örninn er tákn Jóhannesar. Andi Guðs talaði kröftuglega í honum, en Andinn fær mann til að stíga upp í efstu hæðir, eins og örn sem hefur sig til sólar.

Þriðji kórpluggi

Jesúbarnið færð Drottni

Miðhluti þriðja gluggans í kór var upphaflega í enskri kirkju. Við skoðum sögu hans betur á eftir, en fyrst hugum við að því sem rúðan sýnir, þann atburð er foreldrar Jesú fóru með hann í musterið í Jerúsalem. Segir svo frá því í Lúkasarguðspjalli:

„En er hreinsunardagar þeirra voru úti eftir lögmáli Móse, fóru þau með hann upp til Jerúsalem til að færa hann Drottni, en svo er ritað í lögmáli Drottins: „Allt karlkyns, er fyrst fæðist af móðurlífi, skal helgað Drottni,” og til að færa fórn eins og segir í lögmáli Drottins, „tvær turtildúfur eða tvær ungar dúfur.”

Þá var í Jerúsalem maður, er Símeon hét. Hann var réttlátur og guðrækinn og vænti huggunar Ísraels, og yfir honum var heilagur andi. Honum hafði heilagur andi vitrað, að hann skyldi ekki dauðann sjá, fyrr en hann hefði séð Krist Drottins. Hann kom að tillaðan andans í helgidóminn. Og er foreldrarnir færðu þangað sveininn Jesú til að fara með hann eftir venju lögmálsins, tók Símeon hann í fangið, lofaði Guð og sagði:

„Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara, eins og þú hefur heitið mér, því að augu mín hafa séð hjálpræði þitt, sem þú hefur fyrirbúið í auglýsningu allra lýða, ljós til opinberunar heiðingjum og til vegsemdar lýð þínum Ísrael.”

Faðir hans og móðir undruðust það, er sagt var um hann. En Símeon blessaði þau og sagði við Maríu móður hans: „Þessi sveinn er settur til falls og til viðreisnar mörgum í Ísrael og til tákns, sem móti verður mælt, og sjálf munt þú sverði níst í sálu þinni. Þannig munu hugsanir margra hjartna verða augljósar.”

Og þar var Anna spákona Fanúelsdóttir af ætt Assers, kona háöldruð. Hafði hún lifað sjö ár með manni sínum frá því hún var mæð og síðan verið ekkja fram á áttatíu og fjöggra ára aldur. Hún vék eigi úr helgidóminum, en þjónaði Guði nótt og dag með föstum og bænahaldi. Hún kom að á sömu stundu og lofaði Guð. Og hún talaði um barnið við alla, sem væntu lausnar Jerúsalem.”



Lamb Guðs

Neðst á þriðja kórglugganum er mynd af lambi með fána. Þar er um að ræða fornt Kriststákn. Í gamla daga var lambið tákn sakleysis og auðmýktar. Lambið var ennfremur algengasta fórnardýrið á dögum Gamla testamentisins. Í kristinni list sést lambið fyrst sem Kriststákn í katakombunum. Lambið bendir á þá fórn sem Jesús færði á krossinum, að honum hafi verið fórnað líkt og lambi.

Lambið í glugganum heldur á rauðum og hvítum fána. Þarna er um að ræða gamalt sigurtákn. Sigurfáninn, sem lambið er látið vera með, á að minna okkur á að saga Jesú Krists endaði ekki með dauða hans á krossi. Hann sigraði dauðann. Hann er sigurvegarinn mesti, þótt hann hafi liðið á krossinum.

Lambið situr svo á bók með sjö innsiglum, en um hana er talað í Opínberun Jóhannesar, síðasta riti Biblíunnar. Bókin með innsiglunum sjö á að geyma alla leyndardóma heimsins.



Enska rúðan

Miðhluti þriðja gluggans var lengi talinn vera úr gömlu dómkirkjunni í Coventry í Englandi. Af þeim sökum komust á vinatengsl á milli dómkirkjunnar í Coventry og Akureyrarkirkju. Akureyrarkirkja var vígð 17. nóvember 1940. Tveimur dögum áður var dómkirkjan í Coventry eyðilögð í loftárás, þeirri mestu sinnar tegundar sem þá hafði verið gerð.

Þessi saga var gjarnan rifjuð upp í Akureyrarkirkju á meðan rúðan var talin vera frá Coventry. Akureyrarkirkja var byggð í skugga heimstyrjaldar. Hermenn, bæði norskir og enskir voru meðal fyrstu kirkjugesta. Í Akureyrarkirkju er minningarskjöldur um veru norskra hermanna á Akureyri. Á stríðsárunum gáfu bresk hermálafirvöld Akureyrarkirkju kertastjaka sem enn eru notaðir við athafnir í kirkjunni.

Sagan um eyðingu dómkirkjunnar í Coventry endaði þó vel. Morguninn eftir loftárásina miklu gekk steinsmiður kirkjunnar inn í rústir hennar, batt saman tvo brunna eikarviði og reisti upp kross. Annar maður var þarna á sama tíma, tindi upp úr brakinu þrjá nagla og bjó til úr þeim annan kross. Þriðji maðurinn, dómprófasturinn í Coventry, ritaði orðin „Faðir fyrirgef“ á sótaðan kórvegg kirkjunnar. Næstu jól hvatti prófasturinn í útvarpsávarpi alla þegna breska heimsveldisins til að fyrirgefa þýsku þjóðinni og efla sambandið við hana þegar stríðinu lyki.

Þetta varð upphafið að umfangsmiklu friðar- og sáttargjörðarstarfi dómkirkjunnar í Coventry. Eftir stríð fóru ungmenni frá Coventry til borgarinnar Dresden í Þýskalandi til að aðstoða við að endurreisa sjúkrahús sem eyðilagst hafði í sprengjuárás bandamanna og hópur Þjóðverja hélt til Coventry til að hjálpa við uppbyggingu þar.

Nú á dögum hefur þetta mikilvæga starf teygt sig til margra landa og álfa og er meðal annars unnið í samstarfi við ríkisstjórnir og Sameinuðu þjóðirnar.


Árið 2013 heimsóttu starfsmenn breska ríkisúvarpsins BBC Akureyrarkirkju. Unnu þeir að gerð sjónvarpsþáttar um rúðuna sem talin var vera frá Coventry. Í þættinum var saga rúðunnar rakin. Með sjónvarpsmönnum var kunnur sérfræðingur í listasögu sem kannað hafði rúðuna og kenninguna um að hún væri úr dómkirkjunni í Coventry. Niðurstöður rannsókna hans voru í stuttu máli þær, að nánast útilokað væri að rúðan kæmi frá Coventry. Að mati sérfræðingsins leikur þó lítil vafi á að hún sé ensk. Taldi hann langmestar líkur á að rúðan væri úr kirkju í Lundúna-borg en margar kirkjur þar eyðilögðust eða urðu illa úti í loftárásum á stríðsárunum.

Vinatengslin við Coventry hafa þó ekki breyst þótt rúðan sé ekki þaðan og saga dómkirkjunnar, þar sem tókst að snúa bölvun í blessun, verður áfram rifjuð upp í Akureyrarkirkju. Enska rúðan, eins og hún nefnist núna, er enn einn helsti dýrgripur kirkjunnar og hin nýja uppgötvun gefur sögu hennar leyndardómsfulla vídd.

Jakob Frímansson, þáverandi kaupfélagsstjóri og sóknarnefndarmaður, og kona hans, Borg-hildur Jónsdóttir, gáfu söfnuðinum listaverkið og sumarið 1943 var rúðunni komið fyrir á sínum stað.



Rústir gömlu dómkirkjunnar í Coventry



Gamli eikarkrossinn

Fjórði kórsluggi

Jesús 12 ára í musterinu

Myndin í fjórða kórslugganum sýnir Jesú 12 ára í musterinu. Enn grípum við niður í frásögn Lúkasar:

„Foreldrar hans ferðuðust ár hvert til Jerúsalem á páskahátíðinni. Og þegar hann var tólf ára gamall, fóru þau upp þangað eins og siður var á hátíðinni. Þau voru þar út hátíðisdagana. En þegar þau sneru heimleiðis, varð sveinninn Jesús eftir í Jerúsalem, og vissu foreldrar hans það eigi. Þau hugðu, að hann væri með samferðafólkinu, og fóru eina dagleið og leituðu hans meðal frænda og kunningja. En þau fundu hann ekki og sneru þá aftur til Jerúsalem og leituðu hans.

Eftir þrjá daga fundu þau hann í helgidóminum. Þar sat hann mitt á meðal lærifeðranna, hlýddi á þá og spurði þá. En alla, sem heyrðu til hans, furðaði stórum á skilningi hans og andsvörum. Og er þau sáu hann þar, brá þeim mjög, og móðir hans sagði við hann: „Barn, hví gjörðir þú okkur þetta? Við faðir þinn höfum leitað þín harmþrungin.”

Og hann sagði við þau: „Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í húsi föður míns?” En þau skildu ekki það er hann talaði við þau.

Og hann fór heim með þeim og kom til Nasaret og var þeim hlýðinn. En móðir hans geymdi allt þetta í hjarta sér. Og Jesús þroskaðist að vaxtu og vexti, og náð hjá Guði og mönnum.”

(Lúkas 2, 41—52)



Fimmti kórsluggi

Skírn Jesú

Í fimmta og síðasta kórslugganum sjáum við þegar Jesús var skírður. Þar verða ákveðin þáttaskil í lífi Jesú. Æskan er að baki, en starf Jesú framundan. Matteus greinir þannig frá skírninni:

„Á þeim dögum kemur Jóhannes skírari fram og prédikar í óbyggðum Júdeu. Hann sagði: „Gjöríð iðrun, himnaríki er í nánd.“ Jóhannes er sá sem svo er um mælt hjá Jesaja spámanni:

Rödd hrópanda í eyðimörk:
Greiddið veg Drottins
gjöríð beinar brautir hans.

Jóhannes bar klæði úr úlfaldahári og leðurbelti um lendar sér og hafði til matar engisprettur og villihunang. Menn streymdu til hans frá Jerúsalem, allri Júdeu og Jórdanbyggð, létu skírast af honum í ánni Jórdan og játuðu syndir sínar.


Þegar hann sá, að margir farísear og saddúkear komu til skírnar, sagði hann við þá: „Þér nöðru kyn, hver kenndi yður að flýja komandi reiði? Berið þá ávöxt samboðinn iðruninni! Látið yður ekki til hugar koma, að þér getið sagt með sjálfum yður: Vér eigum Abraham að föður. Ég segi yður, að Guð getur vakið Abraham börn af steinum þessum. Öxin er þegar lögð að rótum trjáanna, og hvert það tré, sem ber ekki góðan ávöxt, verður upp höggvið og í eld kastað. Ég skíri yður með vatni til iðrunar, en sá sem kemur eftir mig, er mér máttugri, og er ég ekki verður að bera skó hans. Hann mun skíra yður með heilögum anda og eldi. Hann er með varpskófluna í hendi sér og mun gjörhreinsa láfa sinn og safna hveiti sínu í hlöðu, en hismið mun hann brenna í óslökkvanda eldi.“

Þá kemur Jesús frá Galíleu að Jórdan til Jóhannesar að taka skírn hjá honum. Jóhannes vildi varna honum þess og sagði: „Mér er þörf að skírast af þér, og þú kemur til mín!“

Jesús svaraði honum: „Lát það nú eftir. Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti.“ Og hann lét það eftir honum.

En þegar Jesús hafði verið skírður, sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og þá opnuðust himnarnir, og hann sá anda Guðs stíga niður eins og dúfu og koma yfir sig. Og rödd kom af himnum: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“

(Matteus, 3, 1—17)



Fyrsti gluggi í kirkjuskipi

Freisting Jesú

Hér er greint frá viðskiptum Jesú og freistarans og haldið áfram sem frá var horfið í frásögn Matteusar í síðasta glugga.

„Þá leiddi andinn Jesú út í óbyggðina, að hans yrði freistað af djöflinum. Þar fastaði hann fjörutíu daga og fjörutíu nætur og var þá orðinn hunguraður. Þá kom freistarinn og sagði við hann: „Ef þú ert sonur Guðs, þá bjóð þú, að steinar þessir verði að brauðum.”

Jesús svaraði: „Ritað er: Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði, heldur á hverju því orði, sem fram gengur af Guðs munni.”

Þá tekur djöfullinn hann með sér í borgina helgu, setur hann á brún must-erisins og segir við hann: „Ef þú ert sonur Guðs, þá kasta þér ofan, því að ritað er:

Hann mun fela þig englum sínum, og þeir munu bera þig á höndum sér, að þú steytir ekki fót þinn við steini.”

Jesús svaraði honum: „Aftur er ritað: Ekki skalt þú freista Drottins, Guðs þíns.”

Enn tekur djöfullinn hann með sér upp á ofurhátt fjall, sýnir honum öll ríki heims og dýrð þeirra og segir: „Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.”


En Jesús sagði við hann: „Vík brott, Satan! Ritað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum.”

Þá fór djöfullinn frá Jesú. Og englar komu og þjónuðu honum.”

(Matteus , 4, 1 – 11)

Dúfan efst í glugganum er tákn heilags anda. Við síðasta gluggann, sem sýnir skírn Jesú, heyrðum við er Jesús sá andann stíga yfir sig eins og dúfu.

Nedst í glugganum sjást hjónin Helgi magri og Þórunn hyrna, fyrstu landnemar Eyjafjarðar. Helgi var kristinn maður þannig að í Eyjafirði hafa aldrei menn búið án þess að kristnir væru þeirra á meðal. Helgi magri nefndi bæ sinn eftir Kristi og kallaði Kristnes. Hann var af írsku bergi brotinn. Keltneski krossinn framan á kirkjunni minnir á þá arfleifð.



Annar gluggi í kirkjuskipi

Jesús í samkunduhúsinu

„En Jesús sneri aftur til Galíleu í krafti andans, og fóru fregnir af honum um allt nágrennið. Hann kenndi í samkundum þeirra, og lofuðu hann allir.

Hann kom til Nasaret, þar sem hann var alinn upp, og fór að vanda sínum á hvíldardegi í samkunduna og stóð upp til að lesa. Var honum fengin bók Jesaja spámanns. Hann lauk upp bókinni og fann staðinn, þar sem ritað er:

Andi Drottins er yfir mér, af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa og kunngjöra náðarár Drottins.

Síðan lukti hann aftur bókinni, fékk hana þjóninum og settist niður, en augu allra í samkundunni hvíldu á honum. Hann tók þá að tala til þeirra: „Í dag hefur rætst þessi ritning í áheyrn yðar.”

Og allir lofuðu hann og undruðust þau hugnæmu orð, sem fram gengu af munni hans, og sögðu: „Er hann ekki sonur Jósefs?”


En hann sagði við þá: „Eflaust munuð þér minna mig á orðtakið: Læknir, lækna sjálfan þig! Vér höfum heyrt um allt, sem gjörst hefur í Kapernaum. Gjör nú hið sama hér í ættborg þinni.”

Enn sagði hann: „Sannlega segi ég yður, engum spámanni er vel tekið í landi sínu. En satt segi ég yður, að margar voru ekkjur í Ísrael á dögum Elía, þegar himinninn var luktur í þrjú ár og sex mánuði, og mikið hungur í öllu landinu, og þó var Elía til engrar þeirra sendur, heldur aðeins til ekkju í Sarepta í Sídonlandi. Og margir voru líkþráir í Ísrael á dögum Elísa spámanns, og enginn þeirra var hreinsaður, heldur aðeins Naaman Sýrlendingur.”


Allir í samkunduhúsinu fylltust reiði, er þeir heyrðu þetta spruttu upp, hröktu hann út úr borginni og fóru með hann fram á brún fjalls þess, sem borg þeirra var reist á, til þess að hrinda honum þar ofan. En hann gekk gegnum miðja mannþröngina og fór leiðar sinnar.” (Lúkas, 4, 14–30)



Neðsti hluti gluggans sýnir fyrsta kristniboðann á Íslandi, Þorvald víðförla, en hann var hér við trúboð með Friðriki biskupi af Saxlandi á árunum 981—986.



Efst í glugganum er mynd af olíulampa og bók. Lampinn er gamalt tákni fyrir ljós Krists, en getur einnig vísað til hinnar upplýstu sálar mannsins. Orði Guðs er einnig líkt við lampa og ljós í Biblíunni.



Þriðji gluggi í kirkjuskipi

Fyrstu lærisveinarnir kallaðir

Jesús valdi sér tólf lærisveina, þá Símon Pétur og bróður hans, Andrés, bræðurna Jakob og Jóhannes Sebedeussyni (þrumusynina), Filippus, Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Taddeus, Símon vandlætara og Júdas Ískariót. Þriðji glugginn í kirkjuskipinu sýnir er Jesús kallaði fyrstu lærisveinana til fylgdar við sig. Í Markúsarguðspjalli er eftirfarandi frásögn af því:

„Jesús var á gangi með Galíleuvatni og sá Símon og Andrés, bróður Símonar, vera að kasta netum í vatnið, en þeir voru fiskimenn. Jesús sagði við þá:

„Komið og fylgið mér og ég mun láta yður menn veiða.“ Og þegar í stað létu þeir eftir netin og fylgdu honum.

Hann gekk skammt þaðan og sá Jakob Sebedeussun og Jóhannes bróður hans, og voru þeir einnig á báti að búa net. Jesús kallaði þá, og þeir yfirgáfu Sebedeus föður sinn hjá daglaunamönnunum í bátum og fylgdu honum.” (Markúsarguðspjall 1, 16–20)

Nedsti hluti gluggans er helgaður kristnitökunni á Íslandi. Þar má sjá Þorgeir Ljósveitningagoða við Goðafoss. Í Íslendingabók Ara fróða er greint frá því að á Alþingi sumarið 1000 hafi helsti höfðingi kristinna manna, Síðu-Hallur, falið heiðnum höfðingja, Þorgeiri Ljósveitningagoða, að segja upp lög, ein fyrir kristna og önnur fyrir heiðna. Þorgeir lá undir feldi nær sólarhring og flutti þingheimi ræðu áður en hann sagði upp lögin. Þar sagði hann meðal annars:

„En nú þykir mér ráð að vér látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorir tveggja hafi nakkv-að síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.”



Að því búnu sagði Þorgeir upp ein lög fyrir landið allt, þar sem kveðið var á um að allir íbúar landsins skyldu taka kristna trú og láta skírast. Það gerði Þorgeir sjálfur og er heim var komið varpaði hann goðum sínum í Goðafoss.

Efst í glugganum sjáum við sama tákn og er í miðjuglugga kórsins, lamb með fána. Skýringar við þá mynd er að finna við umfjöllun um miðglugga í kór.



Fjórði gluggi í kirkjuskipi

Fjallræðan

„Þegar hann sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjallið. Þar settist hann, og lærisveinar hans komu til hans. Þá lauk hann upp munni sínum,“ segir Matteus guðspjallamaður er hann lýsir aðdraganda Fjallræðunnar, en þaðan er myndefni fjórða gluggans í kirkjuskipinu.

Ræðan er talin geyma kenningar Jesú í hnotskurn, en hún hefst á svonefndum Sæluboðum, sem þannig hljóða:

„Sælir eru fátækir í anda,
því að þeirra er himnaríki.
Sælir eru sorgbitnir,
því að þeir munu huggaðir verða.
Sælir eru hógværir,
því að þeir munu jörðina erfa.
Sælir eru þeir sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu,
því að þeir munu saddir verða.
Sælir eru miskunnsamir,
því að þeim mun miskunnað verða.
Sælir eru hjartahreininir,
því að þeir munu Guð sjá.
Sælir eru friðflytjendur,
því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.
Sælir eru þeir, sem ofsóttir eru fyrir réttlætis sakir,
því að þeirra er himnaríki.

(Matteusarguðspjall 5, 3–10)

Mynd af Ísleifi Gissurarsyni (1006—1080) prýðir neðri hluta þessa glugga. Hann var fyrsti biskup á Íslandi. Ísleifur menntaðist hjá abbadís í borginni Herford í Þýskalandi. Þangað fór hann á barnsaldri og líklega fékk hann þar prestsvígslu áður en hann hélt heim til Íslands. Hér settist hann að á föðurleifð sinni í Skálholti.

Hann var kjörinn biskup og vígðist í Brimaborg í Þýskalandi á hvítasunnudag árið 1056.

Efst í glugganum sjáum við kross-tákn, sem er um leið vog. Vogin er gamalt tákn fyrir réttlætið. Stein-töflurnar í vogarskálunum tákna boðorðin tíu.



Fimmti gluggi í kirkjuskipi

Jesús blessar börnin

Fimmti glugginn í kirkjuskipinu sýnir þann atburð er Jesús blessaði börnin. Fáar frásagnir guðspjallanna hljóma oftast í íslenskum kirkjum en sú saga, því hún er alltaf lesin þegar börn eru skírð. Söguna er að finna hjá Markúsi guðspjallamanni:

„Menn færðu börn til Jesú að hann snerti þau, en lærisveinarnir átöldu þá. Þegar Jesús sá það, sárnaði honum og hann mælti við þá: „Leyfið börnunum að koma til mín og varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma.“ Og hann tók börnin sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.“

(Markúsarguðspjall 10, 13—16)




SÓKN

Kirkjan okkar, Akureyrarkirkja, er sóknarkirkja þeirra, sem tilheyra Akureyrarsókn. Sókn er grunn-eining kirkjunnar og merkir hóp fólks, söfnuð, sem á sér sömu kirkju. Í hverri sókn er sóknarnefnd sem fer með mál viðkomandi sóknar.

PRESTAKALL

Í Akureyrarprestakalli er aðeins ein sókn, Akureyrarsókn, en stundum eru fleiri sóknir og sóknarkirkjur í sama prestakalli. Prestakall er vinnusvæði prests eða presta.



PRÓFASTSDÆMI

Prestaköllin í Eyjafirði eru sjö talsins og saman tilheyra þau einu prófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi. Prestaköll í prófastsdæmi hafa með sér ýmsa samvinnu og ræða sín mál á héraðsfundum. Prófastar veita prófastsdæmunum forstöðu.

STIFTI

Ísland skiptist í tvö stifti, Skálholtsstifti og Hólastifti. Vígslubiskpar sitja á fornu biskupsstólunum. Akureyri er í Hólastifti.

BISKUPSDÆMI

Ísland er eitt biskupsdæmi. Biskup Íslands situr í Reykjavík.

Fyrsti Hólabiskupinn, Jón helgi Ögmundsson, er neðst á glugganum. Hann var vígður í Lundi árið 1106, en ákvörðun um stofnun biskupsdæmis í Norðlendingafjórðungi hafði verið tekin nokkru áður. Þá skiptist Ísland í tvö biskupsdæmi og var þannig allt til aldamótanna 1800, er embætti Hólabiskups og Skálholtsbiskups voru sameinuð og stofnað embætti Íslandsbiskups í Reykjavík. Rúmri öld síðar voru sett lög um tvo vígslubiskupa, sem kenndir voru við gömlu biskupsdæmin. Þeir gegndu prestsembættum og sátu sín prestaköll. Nú sitja vígslubiskupar báða stólana og eru ekki í prestsembættum.

Efst í fimmta glugganum eru liljur, en þær sjást oft í fornum skreytingum. Hin hefðbundna merking liljunnar er hreinleiki, sakleysi og meydómur. Þess vegna er Gabríel erkiengill oft látinn halda á liljum á gömlum málverkum, þegar hann boðar Maríu að hún eigi að fæða Jesú. Í Biblíunni er liljan ennfremur tákn útvalningarinnar, þess, sem er sérstakrar elsku og velvildar aðnjótandi. Þegar Jesús talar um liljur vallarins í Fjallræðunni, sem hvorki vinna né spinna, má lesa úr táknuinu það að fela sig vilja þess Guðs, sem annast sína. Þá tákna liljurnar það að treysta náð Guðs.



Sjötti gluggi í kirkjuskipi

Jesús læknar lama mann

Kraftaverk og lækningar voru meðal þess sem einkenndi líf og starf Jesú Krists. Næstu tveir gluggar er helgaðir þeim þáttum í frásögnum guðspjallamanna. Í sjötta glugga kirkjuskipsins sést er Jesús læknar lamaðan mann. Er þannig greint frá því í Lúkasarguðspjalli:

„Dag nokkurn var hann að kenna. Þar sátu farísear og lög-málskennendur, komnir úr hverju þorpi í Galíleu og Júdeu og frá Jerúsalem, og kraftur Drottins var með honum til þess að lækna. Komu þá menn með lama mann í rekkju og reyndu að bera hann inn og leggja hann fyrir framan Jesú. En vegna mannfjöldans sáu þeir engin ráð til að komast inn með og fóru því upp á þak og létu hann síga niður um helluþekjuna beint fram fyrir Jesú. Og er hann sá trú þeirra, sagði hann: „Maður, syndir þínar eru fyrirgefnar.”

Þá tóku fræðimennirnir og farísearnir að hugsa með sér: „Hver er sá, er fer með slíka guðlöstun? Hver getur fyrirgef-ið syndir nema Guð einn?”

En Jesús skynjaði gjörla hugsanir þeirra og sagði við þá: „Hvað hugsist þér í hjörtum yðar? Hvort er auðveldara að segja: „Syndir þínar eru fyrirgefnar,” eða segja: „Statt upp og gakk?” En til þess að þér vitið, að Mannssonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa

syndir, þá segi ég þér:” - og nú talar hann við lama manninn — „Statt upp, tak rekkju þína, og far heim til þín.”

Jafnskjótt stóð hann upp frammi fyrir þeim, tók það sem hann hafði legið á, fór heim til sín og lofaði Guð. En allir voru furðu lostnir og lofuðu Guð. Og þeir urðu ótta slegnir og sögðu: „Óskiljanlegt er það, sem vér höfum séð í dag.”

(Lúkasarguðspjall 5, 17–26)



Neðsti hluti sjötta gluggans á að minna á þá mikilvægu sagnaritun, sem fram fór í klaustum landsins á kaþólskum tíma. Fyrsta klaustur á Íslandi var á Þingeyrum í Húnaþingi, stofnað árið 1133. Það var munkaklaustur. Hér í Eyjafirði voru tvö munkaklaustur, á Munkaþverá og á Möðruvöllum í Hörgárdal. Önnur slík klaustur störfuðu í Pykkvabæ, Helgafelli, Viðey og Skriðu, en nunnuklaustur í Kirkjubæ og á Reynistað.



„Að biðja og iðja voru helstu viðfangsefni margra þeirra sem gengust undir klausturreglu og var ritun mikilvæg iðja margra klausturreglna. Í augum þeirra sem sátu í klaustrunum hefur ritunin fyrst og fremst verið guðrækileg iðja, en þau verk sem við eigum klaustrunum að þakka eru ríkulegt framlag til íslenskrar menningar,” segir Ásdís Egilsdóttir í Kristni á Íslandi.

Táknið efst í glugganum er akkeri. Það er ævagamalt tákn. Akkeri eru notuð til að gefa skipum festu í hinum síkvika sjó. Þess vegna merkir akkerið það sem er öruggt og í kristinni trú er akkerið tákn vonarinnar, því að það er sama hvað á gengur í lífi okkar, von okkar gefur okkur stöðugleika og öryggi.



Sjöundi gluggi í kirkjuskipi

Lasarusi bjargað úr dauða

Sjöundi glugginn í kirkjuskipinu sýnir eitt stórkostlegasta kraftaverk Jesú, er hann vakti mann til lífsins.

Forsaga þess atburðar er sú að maður nokkur frá Betaníu, Lasarus að nafni, var sjúkur. Hann var bróðir þeirra systra Mörtu og Maríu og þótti Jesú mjög vænt um þau systkinin. Jesús frétti af veikindum Lasarusar, en fór ekki til hans. Lasarus dó og hafði verið fjóra daga í gróf sinni þegar Jesús kom til Betaníu. Marta kom á móti Jesú og hitti hann fyrir utan þorpið. Grípum nú niður í frásögn Jóhannesar guðspjallamanns:

„Marta sagði við Jesú: „Herra, ef þú hefðir verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn. En einnig nú veit ég, að Guð mun gefa þér hvað sem þú biður hann um.”

Jesús segir við hana: „Bróðir þinn mun upp rísa.” Marta segir: „Ég veit að hann rís upp í upprisunni á efsta degi.”

Jesús mælti: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa, þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu?”

Hún segir við hann: „Já, herra. Ég trúi, að þú sért Kristur, Guðs sonur, sem koma skal í heiminn.”

Að svo mæltu fór hún, kallaði á Maríu systur sína og sagði í hljóði: „Meistarinn er hér og vill finna þig.” Þegar María heyrði þetta, reis hún skjótt á fætur og fór til hans. En Jesús var ekki enn kominn til þorpsins, heldur var hann enn á þeim stað, þar sem Marta hafði mætt honum. Gyðingarnir, sem voru heima hjá Maríu að hugga hana, sáu, að hún stóð upp í skyndi og gekk út, og fóru þeir á eftir henni. Þeir hugðu, að hún hefði farið til grafarinnar að gráta þar.

María kom þangað, sem Jesús var, og er hún sá hann, féll hún honum til fóta og sagði við hann: „Herra, ef þú hefðir verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn.”

Þegar Jesús sá hana gráta og Gyðingana gráta, sem með henni komu, komst hann við í anda og varð hræður mjög og sagði: „Hvar hafið þér lagt hann?”

Þeir sögðu: „Herra, kom þú og sjá.”


Þá grét Jesús.

Gyðingarnir sögðu: „Sjá, hversu hann hefur elskað hann!” En nokkrir þeirra sögðu: „Gat ekki sá maður, sem opnaði augu hins blinda, einnig varnað því að þessi maður dæi?”

Jesús varð aftur hræður mjög og fór til grafarinnar. Hún var hellir og steinn fyrir. Jesús segir: „Takið steininn frá!”

Marta, systir hins dána, segir við hann: „Herra, það er komin nálykt af honum, það er komið á fjórða dag.”

Jesús segir við hana: „Sagði ég þér ekki: „Ef þú trúir, munt þú sjá dýrð Guðs?”” Nú var steinninn tekinn frá. En Jesús hóf upp augu sín og mælti: „Faðir, ég þakka þér, að þú hefur bænheyrt mig. Ég vissi að sönnu, að þú heyrir mig ávallt, en ég sagði þetta vegna mannfjöldans, sem stendur hér



umhverfis, til þess að þeir trúi, að þú hafir sent mig.” Að svo mæltu hrópaði hann hárrí röddu: „Lasarus, kom út!” Hinn dáni kom út vafinn líkblæjum á fótum og höndum og með sveitadúk bundinn um andlitið. Jesús segir við þá: „Leysið hann og látið hann fara.””

(Jóhannesarguðspjall 11, 21–44)

Tveir einstaklingar tengdir siðaskiptunum prýða neðri hluta gluggans.

Þar er annars vegar Oddur Gottskálksson (1496–1556). Hann var sonur Gottskálks Nikulássonar, Hólabiskups, uppallinn í Norgegi og dvaldist mörg ár við nám í útlöndum, m. a. í Þýskalandi, þar sem hann kynntist kenningum mótmælenda og snérist á sveif með þeim. Um 1534 var Oddur ráðinn ritari Ögmundar Páls-sonar, biskups í Skálholti. Þar kynntist Oddur öðrum íslenskum menntamönnum sem höfðu svipaðar skoðanir og hann. Herma sagnir að þeir hafi orðið að púkrast við bóklestur og skriftir og Oddur hafi byrjað að þýða Nýja testamentið á íslensku úti í fjósi. Þeirri þýðingu lauk hann í Danmörku og kom Nýja testamenti hans út þar í landi árið 1540. Var þar sennilega um að ræða fyrstu bókina á íslensku.



Hinn maðurinn er Jón biskup Arason á Hólum, fæddur í Mikla-garði í Eyjafirði um 1474. Hann var síðasti kaþólski biskupinn á Íslandi og helsti andstæðingur þess að nýjum sið yrði á komið. Lauk þeim átökum með því að Jón biskup og synir hans voru hálshöggvni án dóms og laga í Skálholti þann 7. nóvember árið 1550. Ári síðar var lútherskur siður innleiddur í Hólastifti en áður hafði hann verið tekinn upp í Skálholtsstifti.

Efst á glugganum gefur að líta kross með grísku stöfunum ómega. Sá bókstafur er síðastur í gríska stafrófinu og ef til vill er hann hafður tvisvar sinnum á krossinum til að tákna að með kross-dauða Jesú hafi allt verið fullkomnað, eins og Jesús sagði sjálfur.



Áttundi gluggi í kirkjuskipi

Síðasta kvöldmáltíðin

Myndir af Jesú til borðs með lærisveinum sínum við þeirra hinstu kvöldmáltíð saman eru algengar í kirkjum. Frásögn Lúkasar af því borðhaldi er þannig:

„Og er stundin var komin, gekk hann til borðs og postularnir með honum. Oghann sagði við þá:



„Hjartanlega hef ég þráð að neyta þessarar páskamáltíðar með yður, áður en ég líð. Því segi ég yður: Eigi mun ég framar neyta hennar, fyrr en hún fullkomnast í Guðs ríki.”

Þá tók hann kaleik, gjörði þakkir og sagði: „Takið þetta og skiptið með yður. Því ég segi yður: Héðan í frá mun ég eigi drekka af ávexti vínviðarins, fyrr en Guðs ríki kemur.”

Og hann tók brauð, gjörði þakkir og sagði: „Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn. Gjörið þetta í mína minningu.” Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.”

(Lúkasarguðspjall 22, 14 — 20)

Á neðsta hluta gluggans er mynd Guðbrands Þorlákssonar, biskups á Hólum. Enginn biskup hefur setið jafnlengi í embætti og hann. Guðbrandur fæddist um 1542 og var biskup á árunum 1571 til 1627. Hann lét flytja prentsmiðju til Hóla. Er enginn talinn hafa lagt meira af mörkum til að rófesta lútherskan sið en Guðbrandur, fyrst og fremst vegna stórvirktrar bókaútgáfu hans og ritstarfa. Gaf hann meðal annars út fyrstu íslensku Biblíuna, Guðbrandsbíblíu, sem út kom árið 1584. Hún hafði að geyma þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu, en sjálfur þýddi Guðbrandur stóran hluta Gamla testamentisins. Auk þess gaf Guðbrandur út sálmabók, sem náði mikilli útbreiðslu og mikinn fjölda bóka og rita, margt samið eða þýtt af honum sjálfum. Er Guðbrandur talinn einn ötulasti bókaíðjumaður í sögu landsins og frumkvöðull á því sviði.



Pelíkaninn, en mynd af honum er efst á glugganum, færir ungum sínum mat í sérstökum poka neðan á goggi sínum. Fuglinn á það líka til að gogga á brjóst sér til að geta ælt upp fiski handa ungunum, en við það roðna gjarnan fjáðrir hans af fiskiblóði. Þess vegna héldu menn að pelíkaninn fódraði unga sína á eigin blóði. Því varð fuglinn að tákni fyrir sjálfsfórn og ást bæði móður og föður á börnum sínum.



Níundi gluggi í kirkjuskipi

Í Getsemane

Níundi glugginn sýnir Jesú ásamt lærisveinum sínum í garðinum Getsemane við rætur Olúfjallsins hjá Jerúsalem. Markús guðspjallamaður segir þannig frá því:

„Peir koma til staðar, er heitir Getsemane, og Jesús segir við lærisveina sína: „Setjist hér, meðan ég biðst fyrir.” Hann tók með sér þá Pétur, Jakob og Jóhannes. Og nú setti að honum ógn og angist. Hann segir við þá: „Sál mín er hrygg allt til dauða. Biðið hér og vakið.”

Þá gekk hann lítið eitt áfram, féll til jarðar og bað, að sú stund færi fram hjá sér, ef verða mætti. Hann sagði: „Abba, faðir! Allt megnar þú. Tak þú þennan kaleik frá mér! Þó ekki sem ég vil, heldur sem þú vilt.”

Hann kemur aftur og finnur þá sofandi. Þá sagði hann við Pétur: „Símon, sefur þú? Gastu ekki vak að eina stund? Vakið og biðið, að þér fallið ekki í freistni. Andinn er reiðubúinn, en holdið er veikt.”


Aftur vék hann brott og baðst fyrir með sömu orðum. Þegar hann kom aftur, fann hann þá enn sofandi, því drungi var á augum þeirra. Og ekki vissu þeir, hvað þeir ættu að segja við hann.

Í þriðja sinn kom hann og sagði við þá: „Sofið þér enn og hvílist? Nú er nóg. Stundin er komin. Mannsonurinn er framseldur í hendur syndugra manna. Standið upp, förum! Sá er í nánd, er mig svíkur.”

(Markúsarguðspjall 22, 14 — 20)



Vel fer á því að hafa mynd sr. Hallgríms Péturssonar (1614– 1674) á neðri hluta þessa glugga. Sína fyrstu menntun fékk Hallgrímur á Hólum, þar sem faðir hans var hringjari. Guðfræði las Hallgrímur í Kaupmannahöfn. Þar kynntist hann konu sinni, Guðríði Símonardóttur. Þrælasalar rændu henni af Íslandi í Tyrkjaráinu. Var Guðríður á heimleið eftir að hafa verið leyst úr tíu ára þrældómi í Algeirsborg er hún kynntist Hallgrími. Komu þau hingað árið 1637. Árið 1644 vígðist Hallgrímur til Hvalsnessókna á Suðurnesjum og sjö árum síðar var honum veittur Saurbær á Hvalfjarðarströnd þar sem hann þjónaði allt til ársins 1669.



Á seinni hluta ævinnar þjáðist séra Hallgrímur af holdsveiki og þó að hann hafi lengst af búið við erfið kjör var hann skáld gott og sannkölluð trúarhetja. Engum Íslendingi hefur orðið píslarsaga Jesú Krists að eftirminnilegra yrkisefni en séra Hallgrími. Orti hann 50 sálma um þjáningar og dauða Jesú, Passíusálmana. Eru þeir eitt mesta listaverk íslenskrar tungu og engar trúarbókmenntir eru Íslendingum hjartfólgnari. Passíusálmarnir voru lesnir á íslenskum heimilum á hverri föstu og kunnu margir þá utan að. Þeir hafa ennfremur verið þýddir á erlendar tungur.



Efst á glugganum er svo mynd af kaleik, en kaleikar voru algeng drykkjarlát á dögum Jesú. Umhverfis kaleikinn er sennilega talnaband, sem notað er við bænaiðju. Bæði táknin vísa til sögunnar sem er aðal viðfangsefni gluggans.

Tíundi gluggi í kirkjuskipi

Krossfestingin

Tíundi glugginn í kirkjuskipinu sýnir Jesú á krossinum. Frásögn Jóhannesar af krossfestingunni hljóðar svo:

„Þeir tóku þá við Jesú. Og hann bar kross sinn og fór út til staðar, sem nefnist Hauskúpa, á hebresku Golgata. Þar krossfestu þeir hann og með honum tvo aðra sinn til hvorrar handar; Jesús í miðið. Pílatus hafði ritað yfirskrift og sett hana á krossinn. Þar stóð skrifað: JESÚS FRÁ NASARET, KONUNGUR GYÐINGA. Margir Gyðingar lásu þessa yfirskrift, því staðurinn, þar sem Jesús var krossfestur, var nærri borginni, og þetta var ritað á hebresku, latínu og grísku. Þá sögðu æðstu prestar Gyðingar við Pílatus:

„Skrifaðu ekki KONUNGUR GYÐINGA heldur að hann hafi sagt ‚Ég er konungur Gyðinga‘ .”

(Jóhannesarguðspjall 19, 16b — 21)


Mynd sr. Matthíasar Jochumssonar prýðir einnig tíunda gluggann. Hann fæddist þann 11. nóvember árið 1835 í Skógum við Þorskafjörð, en lést á Akureyri þann 18. nóvember árið 1920.

Sr. Matthías var sóknarprestur á Akureyri frá 1886 til 1900. Þá var Akureyrarkirkja inni í Fjöru, þar sem Minja-safnskirkjan stendur núna. Heimili sr. Matthíasar var á Sigurhæðum, rétt neðan við núverandi Akureyrarkirkju.



Sr. Matthías er eitt þjóðskáldanna og eftir hann liggur mikið magn ljóða og annars ritaðs efnis. Fjöldi sálma eftir hann eru í sálmabókinni. Matthías er höfundur íslenska þjóðsöngsins og eru upphafsorð hans rituð ofan við myndina af honum. Hann var heiðursborgari Akureyrar.

Efst á glugganum er svo þyrnikóróna, sem samkvæmt frásögnum guðspjallanna var sett á höfuð Jesú áður en hann var krossfestur, honum til háðungar. Inni í þyrnikórónunni gefur að líta venjulega kórónu, tákn heiðurs, gleði og sigurs, til að minna okkur á þann sigur sem Jesús vann með krossdaða sínum.



Ellefti gluggi í kirkjuskipi

Upprisan

Upprisan er myndefni miðhluta ellefta gluggans í kirkjuskipinu. Páskaguðspjall Markúsar hljóðar svo:

„Þá er hvíldardagurinn var liðinn, keyptu þær María Magdalena, María móðir Jakobs og Salóme ilmsmyrsl til að fara og smyrja hann. Og mjög árla hinn fyrsta dag vikunnar, um sólarupprás, koma þær að gröfinni. Þær sögðu sín á milli: „Hver mun velta fyrir oss steininum frá grafarmunnum?“ En þegar þær líta upp, sjá þær, að steininum hafði verið velt frá, en hann var mjög stór. Þær stíga inn í gröfina og sjá ungan mann sitja hægra megin, klæddan hvítri skikkju og þær skelfdust.

En hann sagði við þær: „Skelfist eigi. Þér leitið að Jesú frá Nasaret, hinum krossfesta. Hann er upprisin, hann er ekki hér. Sjá, þarna er staðurinn þar sem þeir lögðu hann. En farið og segið læriveinum hans og Pétri: „Hann fer á undan yður til Galíleu. Þar munuð þér sjá hann, eins og hann sagði yður.“

(Markúsarguðspjall 16, 1 – 7)



Neðsti hluti gluggans er svo tileinkaður vígslu Akureyrarkirkju, en kirkjan var vígð þann 17. nóvember árið 1940. Guðjón Samúelsson teiknaði kirkjuna og hann á ennfremur hugmyndina að kirkjutröppunum frægu, sem til hennar liggja. Akureyrarkirkja var byggð af miklum stórhug og metnaði. Var kirkjan stærsta guðshús Þjóðkirkjunnar þegar hún var vígð og tók bygging hennar ekki langan tíma, þrátt fyrir að stríðið gerði allan aðrátt erfiðan.

Safnaðarheimili Akureyrar kirkju var vígt árið 1990, þegar söfnuðurinn fagnaði hálfri aldar vígsluafmæli kirkjunnar.

Arkitekt

Safnaðarheimilisins er Fanney Hauksdóttir.

Á myndinn sjást Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands, og sr. Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup og sóknarprestur Akureyrarkirkju.

Fuglinn Fönix efst í glugganum er upphaflega úr egypskri goðafræði. Hann var sagður búa sér hreiður úr kanelkvistum, sem hann kveikti í. Brann þá bæði hreiðrið og fuglinn, en úr öskunni reis nýr Fönix. Strax í frumkristni varð fuglinn algengt tákn fyrir upprisuna og ódauðleikann.



Tólfti gluggi í kirkjuskipi

Uppstigningin

Síðasti glugginn í yfirferð okkar, sá tólfti í kirkjuskipinu, sýnir uppstigninguna. Lúkas segir þannig frá þeim atburði:

„Síðan fór hann með þá út í nánd við Betaníu, hóf upp hendur sínar og blessaði þá. En það varð, meðan hann var að blessa þá, að hann skildist frá þeim og var upp numinn til himins. En þeir féllu fram og tilbáðu hann og sneru aftur til Jerúsalem með miklum fögnuði. Og þeir voru stöðugt í helgidóminum og lofuðu Guð.”

(Lúkasarguðspjall 24, 50 — 53)

Efst á glugganum sjáum við tákni efnanna sem notuð eru í heilagri kvöldmáltíð, vín bikar og kornöx. Þó að Jesús hafi verið numinn upp til himna og sitji þar við hægri hönd Guðs föður almáttugs, er hann líka á sérstakan hátt nálægur í altarisakramentinu.

Fermingarbornin eiga svo sitt rými í gluggum Akureyrarkirkju. Síðasta myndin sem við skoðum, neðst á tólfta glugganum, er af þeim. Tvö fermingarborn standa við altari kirkjunnar, annað með fána Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti, hitt með þjóðfánann. Mikil og löng hefð er fyrir öflugu æskulýðsstarfi í Akureyrarkirkju, en hér starfar elsta æskulýðsfélag kirkjunnar á Íslandi, Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju, ÆFAK, sem stofnað var þann 19. október árið 1947.



Á hringferð okkar um gluggana höfum við farið yfir líf og starf Jesú Krists og höfum ennfremur skoðað íslenska kirkju-sögu. Þið, fermingarbörnin, eruð hluti af lífi Jesú sem fylgjendur hans og þar með hluti af sögu kirkjunnar. Þess vegna fer vel á því að hafa fermingarheitið lokaorð þessarar ferðar:

„Ég vil leitast við af fremsta megni að hafa frelsara vorn Jesúm Krist að leiðtoga lífs míns.“



Atburðarásin frá kyrruvíku til hvítasunnunnar

Páskarnir eru mesta hátíð kirkjunnar. Hinir fyrstu kristnu menn hittust á sunnudögum vegna þess að þá reis Jesús upp frá dauðum. Síðar varð sunnudagurinn vikulegur helgidagur. Hér eru sýndir atburðirnir sem urðu fyrir og eftir páska.



Pálmasunnudagur

Innreið Jesú í Jerúsalem. Fólkið fagnar honum meðal annars með því að veifa pálmagreinum.



Skírdagur

Jesús neytir síðustu kvöldmáltíðarinnar með lærisveinum sínum.



Föstudagurinn langi
Jesús krossfestur.



Páskadagur
Jesús rís upp frá dauðum



Uppstigningardagur
Jesús stígur upp til himna.



Hvítasunnudagur

Andinn kemur yfir lærisveinana. Kirkjan verður til.